



Borgarráð

Vörðuskóli, endurbætur.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurbóta og viðgerða á Vörðuskóla.

Um er að ræða endurnýjun á gluggum, útihurðum og þaki.

Kostnaðaráætlun 2 er 370 m.kr.

Áætlaður framkvæmdatími er apríl – desember 2022.

Greinargerð:

Vörðuskóli sem hét til ársins 1974 Gagnfræðaskóli Austurbæjar er skólabygging við Barónsstíg í Reykjavík. Þar var áður gagnfræðaskóli og síðar varð skólinn hluti af Tækniskólanum. Vörðuskóli er í næsta húsi við Austurbæjarskóla. Byggingin var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni fyrrum húsameistara ríkisins og var hún fullbyggð 1949.

Húsnæðið er 3.230 fermetrar að stærð með íþróttasal og búningasklefum.

Reykjavíkurborg keypti Vörðuskóla 2020 í ljósi fjölgunar íbúa til framtíðar í hverfum í kringum Vörðuskóla. Reykjavíkurborg hafði áður óskað eftir því að ríkið skilaði byggingunni svo nýta mætti það undir skólastarfsemi, en 2005 hafði verið gengið frá samkomulagi um kaup Reykjavíkurborgar á eignarhlut ríkisins. Kaupsamningur þess efnis gerður 2008 en ekki gengið endanlega frá kaupunum fyrr en 2020. Kaupverð var 260 milljónir.

Kostnaðarstaður: 1104

Kostnaðaráætlun 2: 370 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Hjálagt:
Kynning



Vörðuskóli

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

- Allir gluggar í skólanum verða endurnýjaðir.
- Allar útihurðir verða endurnýjaðar nema aðalhurð sem verður endurgerð.
- Allt þakvirki hússins verður endurnýjað.
- Þakið verður einangrað og sett ný læst klæðning sambærileg þeirri sem nú er.
- Þakgluggi í miðju hússins verður endurnýjaður.
- Frágangur innanhúss felst í frágangi við glugga og þakglugga yfir sal skólans.







Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 371 mkr

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í apríl og áætlað er að þeim ljúki í nóvember 2022.



Reykjavík